

REGLUR UM ÚTHLUTUN LEYFA TIL NÝTINGAR Í ÞJÓÐLENDUM Í SVEITARFÉLAGINU HORNAFIRÐI

1. KAFLI

Gildissvið, markmið og skilgreiningar

1. gr.

Gildissvið

Reglur þessar taka til þjóðlendna í Sveitarfélaginu Hornafirði.

2. gr.

Markmið

Markmið reglna þessara er að tryggja að meðferð og nýting þjóðlendna í Sveitarfélaginu Hornafirði sé í samræmi við hagsmuni landeigenda og sveitarfélagsins hverju sinni með sjónarmið verndunar og sjálfbærar nýtingar að leiðarljósi ásamt því að hæfilegt endurgjald komi fyrir notin, þar sem við á.

Skipulag úthlutunar leyfa í þjóðlendum skal byggjast á jafnræðissjónarmiðum og vera til þess fallið að örva samkeppni og auka fjölbreytni í atvinnustarfsemi í sveitarfélaginu um leið og staðinn er vörður um náttúru- og umhverfisvernd. Með skipulaginu skal tryggja að nýting svæða innan þjóðlendu sé örugg og hagkvæm frá sjónarmiði sveitarfélagsins.

2. kafli

Eignaréttur, afmörkun og yfirumsjón

3. gr.

Eignaréttur og afmörkun.

Íslenska ríkið er eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda í þjóðlendum með þeim takmörkunum sem leiðir af einkaeignarrétti annarra aðila.

Forsætisráðherra og bæjarráð Sveitarfélagsins Hornafjarðar fara saman með forræði á ráðstöfun lands og landgæða innan þjóðlendna í Sveitarfélaginu Hornafirði með tilliti til réttinda annarra aðila yfir hlunnindum í þjóðlendum.

4. gr.

Umsjón með úthlutun

Bæjarráð annast afgreiðslu og umsjón leyfa til nýtingar í þjóðlendum. Bæjarráð skal ákveða hvaða þjóðlendir og svæði innan þeirra koma til úthlutunar hverju sinni. Bæjarráð getur ákveðið síðar að minnka eða stækka það svæði. Bæjarráði er skylt að auglýsa fyrirhugaða úthlutun leyfa opinberlega.

3. KAFLI

Leyfi til nýtingar, umsóknir o.fl.

5. gr.

Leyfi til nýtingar

Bæjarráð sveitarfélagsins Hornafjarðar hefur með höndum undirbúning, auglýsingar og útgáfu leyfa samkvæmt reglum þessum. Við afgreiðslu slíkra mála skal bæjarráð leita umsagnar þeirra aðila sem eiga

einkaeignarétt á viðkomandi þjóðlendu í formi afnota- eða hlunnindaréttar og er heimilt að leita umsagnar annarra aðila ef tilefni þykir til.

Leyfi til nýtingar skal að jafnaði veitt einum aðila á hverju svæði. Leyfi til nýtingar felur í sér einkarétt leyfishafa til starfsemi á tilteknu svæði innan þjóðlendu samkvæmt leyfinu. Þó er heimilt að veita fleiri en einum aðila slíkt leyfi sameiginlega hafi þeir staðið saman að leyfisumsókn og gert með sér samning um skiptingu endurgjalds og annars kostnaðar.

Leyfishafa er ekki heimilt að fela öðrum aðila að annast starfsemi í þjóðlendu skv. útgefnu leyfi. Leyfi til nýtingar má hvorki framselja né setja til tryggingar fjárskuldbindingum nema með leyfi bæjarráðs.

Bæjarráði er heimilt að skipa nefnd sem sér um alla málsmeðferð vegna úthlutun leyfa ef bæjarráð metur það nauðsynlegt vegna umfangs og þróun mála samkvæmt reglum þessum. Nefndin skal skipuð þremur mönnum og jafnmörgum varamönnum. Bæjarráð skipar nefndarmenn. Bæjarráð skipar formann og varaformann úr hópi aðalmanna. Nefndin tekur við skyldum og réttindum bæjarráðs samkvæmt reglum þessum.

6. gr.

Skilyrði fyrir leyfi til nýtingar

Þeir einir, sem uppfylla eftirfarandi almenn skilyrði, koma til greina við úthlutun leyfa:

1. Íslenskir ríkisborgarar sem og þeir sem hafa ríkisfangi í einum af aðildarríkjum EES-samningsins.
2. Aðilar sem hafa leyfi Ferðamálastofu sem ferðaskipuleggjendur eða ferðaþjónusta, ef við á.
3. Sætir ekki nauðasamningum eða er undir gjaldþrotaskiptum.
4. Er í skilum með opinber gjöld.
5. Er í skilum með eigin lífeyrissjóðsiðgjöld eða iðgjöld til lífeyrissjóðs.

Framangreindum skilyrðum 1. – 3. tölul. verður leyfishafi að fullnægja á leyfistímanum.

7. gr.

Endurgjald

Bæjarráði er heimilt að innheimta endurgjald fyrir leyfi til nýtingar í þjóðlendu. Heimilt er að tilgreina í auglýsingu ákveðna upphæð endurgjalds sem óskað er eftir og skal bæjarráð ákveða þá upphæð fyrirfram. Einnig er heimilt, í undantekningartilfellum, að óska eftir því að umsækjendur tilgreini þá upphæð sem þeir eru reiðubúnir að greiða í umsókn sinni. Leyfishafi skal greiða gjald fyrir leyfi til sveitarfélagsins fyrir hvert ár sem leyfi er í gildi. Leyfi fellur úr gildi ef endurgjald er ekki greitt á tilsettum tíma.

Endurgjald miðast við vísitölu neysluverðs í þeim mánuði er leyfi er gefið út og skal breytast árlega til samræmis við breytingar á þeirri vísitölu.

Bæjarráði er heimilt að setja auglýsingu fram með þeim hætti að upphæð endurgjaldsins, sem ákveðið hefur verið, sé ekki birt í auglýsingu, heldur geti umsækjendur nálgast upplýsingar þar að lútandi hjá sveitarfélaginu.

8. gr.***Umsókn um leyfi til nýtingar***

Umsókn um leyfi til nýtingar skal vera skrifleg og skulu fylgja henni eftirfarandi upplýsingar og gögn:

1. Nafn umsækjanda, kennitala, heimilisfang og upplýsingar um rekstrarform.
2. Staðfesting frá Ferðamálastofu um leyfi sem ferðaskipuleggjandi eða ferðaskrifstofa, ef við á.
3. Lýsing á fyrirhugaðri starfsemi og rekstri umsækjanda í þjóðlendu.
4. Ef við á skal í umsókn skal umsækjandi staðfesta að hann sé reiðubúinn að greiða það endurgjald sem bæjarráð hefur ákveðið og tilgreint, sbr. 7. gr., ellegar skal hann í umsókn tilgreina það endurgjald í íslenskum krónum sem umsækjandi býðst til að greiða fyrir leyfi til nýtingar á ári hverju. Upphæð endurgjalds sem umsækjandi tilgreinir í umsókn sinni myndar grunn að endurgjaldi fyrir leyfi til nýtingar ef til úthlutunar kemur.
5. Ef við á skal umsækjandi leggja fram gögn sem staðfesta fjárhagslega getu til að standa undir endurgjaldi sem og uppbyggingu á starfsemi, þar á meðal kaup á nauðsynlegum búnaði, á úthlutuðu svæði.
6. Staðfesting innheimtumanns ríkisjóðs um að umsækjandi sé ekki í vanskilum með opinber gjöld.
7. Skrifleg yfirlýsing frá sveitarfélaginu þess efnis að umsækjandi sé í skilum við bæjarsjóð Hornarfjarðar og fyrirtæki og stofnanir hans.
8. Staðfesting frá lífeyrissjóði að iðgjöld séu í skilum.

9. gr.***Málsmeðferð og leyfisveiting***

Leyfi til nýtingar skal veitt á grundvelli umsóknar sem skal metin á hlutlægan og gagnsæjan hátt.

Bæjarráð skal auglýsa umsókn um leyfi til nýtingar á heimasíðu sveitarfélagsins, í blöðum útgefnum í sveitarfélaginu og í a.m.k. einu dagblaði sem gefið er út á landsvísu. Í auglýsingunni skal tilgreina umsóknarfrest, hver gildistími leyfis verður, til hvaða þjóðlendu leyfið tekur og skilyrði fyrir veitingu leyfisins að öðru leyti. Bæjarráði er heimilt að hafna öllum umsóknum um leyfi sem berast í kjölfar auglýsingar.

Þeir einir koma til greina að fá leyfi sem standast skilyrði 6. gr. Við ákvörðun um veitingu leyfis skal einkum taka mið af hugmyndum umsækjanda um starfsemi á svæðinu og hvernig starfsemin fer saman við skipulag, þekkingu á svæðinu, reynslu af sambærilegri starfsemi, fjárhagslegri getu og upphæð gjalds fyrir leyfi. Hafi tiltekinn umsækjandi áður verið handhafi leyfis er bæjarráði einnig heimilt að líta til þeirrar reynslu. Ekkert eitt af framangreindu skal hafa meira vægi en annað þegar meta skal umsóknir.

Telji bæjarráð tvær eða fleiri umsóknir jafnhæfar er því heimilt að meta umsóknir út frá öðrum málefnalegum sjónarmiðum.

10. gr.***Efni leyfis til nýtingar***

Eftirfarandi atriði skulu tilgreind í leyfi til nýtingar:

1. Nafn, kennitala og heimilisfang leyfishafa.
2. Nafn þjóðlendu og afmörkun svæðis sem leyfi tekur til.
3. Gildistími leyfis.
4. Upplýsinga- og tilkynningarskylda leyfishafa til bæjarráðs sem nauðsynleg er til að umsjónaraðili geti rækt hlutverk sitt.
5. Öryggis- og umhverfisverndarráðstafanir ef við á.

6. Skilyrði um fjáhagslega getu leyfishafa.
7. Ráðstöfun mannvirkja og tækja þegar notkun þeirra er hætt.
8. Önnur atriði er lúta að skilyrðum leyfis og skyldum leyfishafa samkvæmt lögum um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta og reglum þessum eða leiða má af öðrum lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum.

11. gr.

Gildistími leyfis til nýtingar

Leyfi til nýtingar skal gilda í allt að 12 ár en veita má leyfi til skemmri tíma ef ástæða þykir til. Bæjarráði er þó heimilt í eitt skipti að framlengja leyfi til nýtingar í allt að 6 ár án auglýsingar. Heimilt er að veita leyfi til skemmri tíma óski umsækjandi eftir því.

Leyfi til nýtingar fellur úr gildi einu ári eftir veitingu þess ef leyfishafi hefur þá ekki hafið starfsemi í samræmi við útgefið leyfi.

Stöðvist starfsemi leyfishafa samfelld í 12 mánuði fellur leyfið niður að þeim tíma liðnum.

12. gr.

Heimildir til framsals

Óheimilt er að framselja leyfi til nýtingar samkvæmt reglum þessum, eða nokkurn hluta þess, beint eða óbeint, þriðja aðila eða samleyfishafa nema að fengnu samþykki bæjarráðs. Einnig er óheimilt nema að fengnu samþykki bæjarráðs að framselja hlutafé eða önnur eignarréttindi í slíku magni að það geti breytt ráðandi stöðu í félagi sem er leyfishafi eða samleyfishafi eða gera samninga sem hafa sömu áhrif.

13. gr.

Afturköllun leyfis til nýtingar

Ef leyfishafi fer ekki að skilyrðum reglna þessara eða skilyrðum leyfisins, samningum sem tengjast því eða öðrum heimildum skal bæjarráð veita honum skriflega aðvörðun og hæfilegan frest til úrbóta. Ef leyfishafi sinnir ekki aðvörðun bæjarráðs innan tilgreindra tímamarka getur bæjarráð afturkallað leyfið eða breytt því. Ef um alvarleg brot eða vanrækslu er að ræða eða ljóst er að leyfishafi getur ekki staðið við skyldur sínar samkvæmt leyfinu getur bæjarráð þó afturkallað það án aðvörðunar.

4. KAFLI

Leyfishafar

14. gr.

Skyldur leyfishafa

Með því að taka við leyfi til nýtingar í þjóðlendu lýsir leyfishafi því yfir að hann ábyrgist að leyfið verði einungis notað í samræmi við þær reglur og þau markmið sem lýst er í umsókn.

15. gr.

Forsendubrestur og endurkröfuréttur

Hyggist leyfishafi ekki nýta leyfi sem hann hefur greitt fyrir, endurgreiðir sveitarfélagið 75% af árgjaldinu takist sveitarfélaginu að endurselja leyfið innan 6 mánaða frá því sveitarfélagið tók við skriflegri uppsögn frá leyfishafa. Takist sveitarfélaginu ekki að endurselja leyfið innan 6 mánaða kemur ekki til endurgreiðslu.

5. KAFLI

Umhverfisvernd, umgengni, frágangur o.fl.

16. gr.

Umhverfisvernd

Leyfishafa er skylt að ganga vel um náttúruna og sýna ýrtruðu varúð þannig að henni verði ekki spillt. Við rekstur og önnur umsvif sem áhrif hafa á náttúruna skal leyfishafi gera allt sem með sanngirni má ætlast til svo komið verði í veg fyrir náttúruspjöll. Starfsemi leyfishafa á úthlutuðu svæði í Þjóðlendu skal uppfylla skilyrði laga og stjórnvaldsfyrirmæla um umhverfisvernd sem í gildi eru á hverjum tíma. Framkvæmdir á grundvelli leyfis skulu vera í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir í Þjóðlendu. Starfsemi leyfishafa skal eingöngu fara fram á afmörkuðu svæði í Þjóðlendu í samræmi við deiluskipulag og samkvæmt leyfi til nýtingar.

17. gr.

Frágangur

Þegar leyfistíma lýkur og leyfishafi hættir starfsemi í Þjóðlendu skal hann svo fljótt sem kostur er ganga þannig frá svæðinu að engin hættu stafni af. Leyfishafi skal á sinn kostnað fjarlægja öll tæki og búnað sem er í hans eigu eða á hans ábyrgð og ennfremur öll mannvirki nema öðruvísi hafi verið um samið. Skylt er að gera samning við sveitarfélagið um frágang ef um varanleg mannvirki er að ræða. Þegar leyfishafi hefur hætt starfsemi á svæði í Þjóðlendu skal hann senda skriflega tilkynningu þess efnis til bæjarráðs. Telji bæjarráð að frágangi svæðisins sé að einhverju leyti ábótavant skal það beina fyrir mælum til leyfishafa þar sem tilgreint skal hverra úrbóta sé þörf og hvenær þeim skuli lokið.

18. gr.

Lokaúttekt

Þegar leyfi til nýtingar er á enda og frágangi á svæði er lokið í samræmi við ákvæði þessara reglna skal leyfishafi boða til lokaúttektar á frágangi svæðisins og skal hann senda bæjarráði skriflega tilkynningu þar um með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara. Sé frágangi að mati bæjarráðs áfátt skal leyfishafi bæta úr því án ástæðulausra tafa og boða aftur til lokaúttektar.

Vanræki leyfishafi þessar skyldur sínar eða ef frágangi er ábótavant getur bæjarráð látið fara fram lagfæringar á kostnað leyfishafa.

19. gr.

Eftirlit bæjarráðs

Bæjarráð skal hafa eftirlit með því að leyfishafar sem starfa samkvæmt reglum þessum fullnægi þeim skilyrðum sem um starfsleyfi gilda.

Bæjarráð skal við framkvæmd eftirlits ekki beita strangari aðgerðum en nauðsyn krefur. Bæjarráð getur krafist leyfishafa um allar upplýsingar og gögn sem nauðsynleg eru við framkvæmd eftirlitsins. Gögn og upplýsingar skulu berast innan hæfilegs frests sem bæjarráð setur. Bæjarráð getur skyldað leyfishafa til að upplýsa reglulega um atriði sem skipta máli við eftirlitið.

20. gr.

Úrræði bæjarráðs


Telji bæjarráð að starfsemi leyfishafa samræmist ekki skilyrðum reglna þessara eða skilyrðum leyfis til nýtingar getur það krafist að úr verði bætt að viðlögðum dagsektum. Dagsektir geta numið allt að kr.

100.000 á dag. Við ákvörðun dagsekta skal taka tillit til eðlis vanrækslu eða brots. Ákvörðun um dagsektir skal tilkynnt skriflega á sannanlegan hátt þeim sem hún beinist að.

21. gr.
Gildistaka reglnanna

Reglur þessar taka þegar gildi.

Samþykkt í bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar 15. maí 2014.


Ásgerður K. Gylfadóttir
Bæjarstjóri